



Orkufjarskipti hf.  
Krókhálsi 5c  
110 Reykjavík

Hornafirði, 23. maí 2022  
nr. erindis 202204015

## **Málefni: Framkvæmdaleyfi fyrir ljósleiðara og rafstreng milli Hóla og Almannaskarðsganga**

Nafn framkvæmdaraðila: Orkufjarskipti hf.

### **Staðsetning framkvæmdar:**

Frá Hólum að Almannaskarði.

### **Umfang framkvæmdar:**

Ljósleiðari og 24. kV háspennustrengur mun liggja frá tengivirkinu að Hólum að tengistað við Almannaskarðsgöng samtals 6,2 km.

Frá tengistað við göngin verða strengirnir lagðir að norðanverðu 2 km í veghelgunarsvæði Vegagerðarinnar meðfram Þjóðvegi 1. Þar fer lögnin frá vegi og liggur að mestum hluta um gróið og hálfgróið land og meða. Lögnin vum liggja ofan við bæinn Dynjanda undir fjallsrótum og ofan við tún, en fyrir er þar ljósleiðari Mílu sem verður fylgt að nokkru leiti. Utan við tengivirki LN verður settur tengibrunnur fyrir ljósleiðara.

### **Samantekt yfir lýsingu og frágang framkvæmdar:**

Gert er ráð fyrir að hægt verði að plægja strengina að mestu leyti, en ummerki verða mjög lítil þar sem plægingu verður við komið en meiri þar sem grafa þarf strengina niður. Það er að lang mestu leyti í grýttu og gróðurlausu landi og melum. Ummerki þar verða sáralítill og horfin að mestu eftir 1-2 ár.

Tengibrunnar verða samtals 3. Gengið verður frá brunnum þannig að þeir falli sem best inn í það umhverfi sem þeir eru í. Tengimúffur rafstrengs verða grafnar í jörðu.

Líklega verða óafturkræf ummerki á gróðri sáralítill ef nokkur í þessari framkvæmd. Við leiðarvalið var tekið mið af landslagi og forðast var eftir megni að fara um viðkvæm svæði. Öll ummerki framkvæmdarinnar á yfirborði verða lagfærð. Sáð verður í þau jarðvegssár sem verða í grónu landi og verður rík áhersla lögð á vandaðan frágang.



### **Eftirlitsaðili framkvæmdar:**

Umhverfis- og skipulagsstjóri Sveitarfélagsins Hornafjarðar fer með eftirlit fyrir hönd sveitarfélagsins en er heimilt að ráða til þess sérstakan eftirlitsaðila.

### **Skilyrði framkvæmdar:**

- Að framkvæmd sé í samráði við landeigendur og viðhöfð sé góð umgengni um framkvæmdasvæðið.
- Leitast verði við að takmarka framkvæmdasvæði, umferð véla og rask eins og kostur er.
- Umhverfis- og skipulagsstjóri verði upplýstur þegar framkvæmdir hefjast.
- Umhverfis- og skipulagsstjóri verði boðaður á framkvæmdasvæði við lok framkvæmda.
- Að samráð sé haft við leyfisveitanda ef nokkrar breytingar verði á framkvæmdinni.
- Við sáningu í sár við frágang verði notuð fræ í samræmi við staðargróður.
- Verktökum verði gerð grein fyrir staðsetningu fornleifa skv. umsögn Minjastofnunar.
- Farið verði að skilmálum Vegagerðarinnar m.a. um merkingar og tilnefna ábyrgðarmann sem hefur sótt viðurkennd námskeið.
- Farið verði að ábendingum Umhverfisstofnunar um verndun votlendis.

### **Framkvæmd þessi skal vera í samræmi við:**

- Framkvæmdaleyfi fyrir ljósleiðara og rafstreng milli Hóla og Almennaskarðsganga
- Reglugerð um framkvæmdaleyfi nr. 772/2012.
- Skipulagslög nr. 123/2010.
- Aðalskipulag Sveitarfélagsins Hornafjarðar 2012-2030.
- Framlögð gögn vegna framkvæmdaleyfisumsóknar:
  - Ósk um framkvæmdaleyfi, dags. 15.03. 2022.
  - Gögn með umsókn um framkvæmdaleyfi,
    - Loftmynd Hólar- Göng, ódags.
    - Umsögn MÍ, dags. 19. 06. 2020
    - Leyfisbréf Vegagerðarinnar, dags. 19.11.2021.
    - Umsögn Umhverfisstofnunar dags. 27. nóvember 2019.
    - Afrit af samþykktarbréfum landeigenda.

### **Útgáfa framkvæmdaleyfis:**

Framkvæmdaleyfi er gefið út með fyrirvara um að upplýsingar berist um þá hluti sem tilgreindir eru hér að ofan.

Framkvæmdaleyfið er gefið út skv. 13. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og var samþykkt í bæjarstjórn þann 7. apríl 2022. Framkvæmdin hefur fengið málsmeðferð skv. 3. mgr. 44. gr. skipulagslaga þar sem hún var kynnt fyrir Vegagerðinni, Umhverfisstofnun og Minjastofnun sem gera ekki athugasemdir við hana.

Dagsetning samþykktar leyfisveitenda á framkvæmdaleyfi var 7. apríl 2022 og rennur framkvæmdaleyfið út þann 7. apríl 2023 sé framkvæmd ekki hafin.



**Vakin er athygli á að framkvæmdaleyfi á að vera til staðar á framkvæmdastað og eftirlitsaðili getur kallað eftir leyfi við eftirlit.**

Einnig er vakin athygli á að framkvæmdaleyfi er kæránlegt til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála og er kærufrestur til 23. júní nk. Ef framkvæmd hefst áður en frestur er útrunninn gerir framkvæmdaaðili það á eigin ábyrgð.

**Gjald fyrir framkvæmdaleyfi er 135.000 kr.**

Virðingafyllst

---

Brynja Dögg Ingólfssdóttir  
umhverfis- og skipulagsstjóri  
Sveitarfélagsins Hornafjarðar

# Undirritunarsíða

Brynja Dögg Ingólfssdóttir